

100 Mýrahreppi hófst á ný, til hjúaskildaga 1886, þá hefur Einar unnið sjer fram-
20. ág. færzlurjett í Mýrahreppi áður en styrkveitingar af Mýrahreppi, sem nefndin þar hefur krafið Borgarhafnarhrepp endurgjalds á, koma til greina.

Það úrskurðast því hjer með, að Borgarhafnarhreppur skuli vera laus við að greiða Mýrahreppi endurgjald fyrir styrkveitingar til Einars Sigurðssonar sem nú er á Haukafelli, á árunum 1885, 1886—1887.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

101

21. ágúst.

Viðauki

við fjallskilareglugjörð Austur-Skaptafellssýslu.

Um sauðfjármörk.

Hver markeigandi í sýslunni greiði 50 aura í sýslusjóð fyrir auglýsing marksins í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, sem prentuð er ný markaskrá fyrir sýsluna.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það oddvita hreppsnefndar fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp, en oddviti hreppsnefndar skal senda til sýslumanns skrá yfir nýupptekin fjármörk í hreppnum fyrir júnílok ár hvert, og skal aðalskrá yfir slík mörk birt í opinberu blaði fyrir ágústm.lok á kostnað sýslusjóðs. Fyrir auglýsing á nýuppteknu fjármarki greiðir eigandi 1 kr. í sýslusjóðinn. Hið sama gildir og, ef eigandaskipti verða að sauðfjármarki og einnig þegar mark er flutt inn í sýsluna. Önnur mörk en þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar eða auglýst á framangreindan hátt, er ekki leyfilegt að brúka í sýslunni.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum eptir fjallskilareglugjörðinni og skal mál um brotin fara með svo sem ákveðið er í nefndri reglugjörð.

*

*

Framanritaður viðauki, sem sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu hefir samið, var staðfestur og löggiltur, samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Austuramtsins á fundi 12.—14. þ.m. til þess að öðlast gildi 1. jan. 1896.

Íslands Austuramt, Akureyri 21. ágúst 1895.

Páll Briem.

102

26. ágúst.

Reglugjörð

fyrir umboðsmenn þjóðjarða.

1. Umboðsmenn skulu sjá um, að umboðsjarðirnar verði bættar og mannvirkjum á þeim haldið við, sbr. 6. gr. ráðgjafabrjefs 25. maí 1880 (Stjt. 1880 B. nr. 89.) og skulu þeir að minnsta kosti einu sinni árlega skoða hverja jörð og áminna leiguliða um að bæta það, sem reynist ábótavant.